



Nefndasvið Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
Reykjavík

Gunnarsholti 10. nóvember 2014

**Efni: Umsögn um tillögu til þingál. um breytingu á þingsályktun um vernd og orkunýtingu landssvæða, nr. 13/141.**

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndarsviðs Alþingis, dags. 20. október 2014, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á ofangreindri tillögu til þingsályktunar. Þó tillaga þessi fjalli ekki um byggingu virkjanamannvirkja við Hvammsvirkjun, heldur aðeins flutning virkjunarkosts úr biðflokki í nýtingarflokk, vill Landgræðslan engu að síður árétta, að verði af byggingu þessarar virkjunnar munu líklega 300-350 ha lands fara undir það 460 ha lón sem gert er ráð fyrir, auk þess sem gera má ráð fyrir að 100-150 ha fari undir vegi, haugsvæði og aðrar framkvæmdir.

Landgræðslan hefur á þessu stigi ekki undir höndum upplýsingar um hve mikill hluti þessa lands er gróinn, en ætla má að það sé mikill meirihluti. Ef af virkjunarframkvæmdum við Hvammsvirkjun verður, leggur Landgræðslan áherslu á að í skipulagi og framkvæmdaleyfi verði kveðið á um að virkjunaraðila sé gert að græða upp land sem er a.m.k. þrefalt það gróið land sem tapast við framkvæmdirnar. Landgræðslan telur eðlilegt að þessi háttur sé hafður á, m.a. til að bæta fyrir þann jarðveg sem einnig tapast og tekið getur aldri eða jafnvel árþúsundir að endurheimta.

Þá telur Landgræðslan mikilvægt að bakkar fyrirhugaðs lóns og fjara sé vöktuð m.t.t. þess að vel sé að því gætt hvort rof myndist við bakka eða sandfok verði úr fjöru lónsins ef vatnsstaða lækkar.

Landgræðsla ríkisins biðst afsökunar á því að þessi umsögn er send nokkru eftir að umsagnarfrestur rann út.

Virðingarfyllst,  
f. h. Landgræðslu ríkisins

Guðmundur Stefánsson,  
sviðsstjóri landverndarsviðs

